FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/308 **2021/EES/55/02**

frá 1. mars 2018

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar form, sniðmát og skilgreiningar vegna auðkenningar og sendingar upplýsinga af hálfu skilastjórnvalda í þeim tilgangi að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 17. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skilastjórnvöld hafa fengið það verkefni að ákveða, fyrir hverja stofnun, lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við kröfurnar og verklagið sem mælt er fyrir um í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og nánar eru tilgreindar í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 ([2]).

2) Skilastjórnvöld eiga, skv. 16. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, í samráði við lögbær yfirvöld, um kröfurnar sem þau hafa ákveðið. Samræmd form, sniðmát og skilgreiningar fyrir auðkenningu og sendingu þeirra upplýsinga til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ættu að vera hönnuð þannig að þau auðveldi eftirlit af hálfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með ákvörðunum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og tryggi marktækt mat á samleitni milli aðferða í Sambandinu.

3) Að því er varðar samstæður sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni er nauðsynlegt að skýra hvaða skilastjórnvald eigi að senda til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar upplýsingar um, í fyrsta lagi, lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð er fyrir viðkomandi móðurfyrirtæki, og í öðru lagi, lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um dótturfélögin, hvort sem það er á grundvelli sameiginlegrar ákvörðunar skilastjórnvaldsins á samstæðustigi og skilastjórnvaldsins sem ber ábyrgð á dótturfélaginu á einingagrunni eða ákvörðunar sem tekin er af skilastjórnvaldi dótturfélagsins þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi. Til að tryggja að Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni séu veittar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar bæði móðurfyrirtækið og dótturfélögin ætti viðkomandi skilastjórnvaldi á samstæðustigi að bera skylda til að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, í samráði við eftirlitsaðilann á samstæðugrunni, um bæði lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð er á einingagrunni og lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð er á samstæðugrunni fyrir hlutaðeigandi móðurfyrirtæki, og skilastjórnvöldunum sem bera ábyrgð á dótturfélögum samstæðu, í samráði við lögbær yfirvöld, ætti að bera skylda til að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem sett hefur verið fyrir hverja stofnun í lögsögu þeirra.

4) Til að stuðla að samleitni þegar ákvarðanir eru teknar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og til að styrkja eftirlitshlutverk Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ætti að koma á samræmdum skýrslutímabilum og skiladögum fyrir sendingu upplýsinga af hálfu skilastjórnvalda til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdastöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 frá 23. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að ákvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtíð. ESB L 237, 3.9.2016, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar í sniðmátunum

1. Í þeim tilgangi að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og, ef við á, kröfuna sem mælt er fyrir um í 13. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ákvörðuð hefur verið fyrir hverja stofnun í lögsögu þeirra í samræmi við 16. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar á eininga- og samstæðugrunni, skulu skilastjórnvöld, í samráði við lögbær yfirvöld, senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í sniðmátunum sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Að því er varðar stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni skulu skilastjórnvöld, í samráði við lögbær yfirvöld, einnig senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í sniðmátinu í III. viðauka.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu skilastjórnvöld, þar sem slíkt er tilgreint í sniðmátinu í II. viðauka, veita eigindlegar upplýsingar sem útskýra eftir bestu getu ástæðurnar fyrir ákvörðunum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t., eftir því sem við á, með tilvísunum til skilaáætlana eininga eða samstæðna, opinberra ákvarðana eða stefnumarkandi yfirlýsinga skilastjórnvaldsins eða annarra fylgiskjala.

4. Hugtökin sem notuð eru í II. viðauka skulu hafa þá merkingu sem þau hafa í viðkomandi ákvæðum sem getið er í viðkomandi dálki töflunnar í þeim viðauka.

2. gr.

Einfölduð skýrslugjafarkrafa fyrir stofnanir sem falla undir undanþágur og stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll

1. Þrátt fyrir 1. gr. þessarar reglugerðar, í tengslum við þær stofnanir sem hafa fengið undanþágu frá beitingu lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 11. eða 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu skilastjórnvöld senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka, í dálkum 10 til 90 í II. viðauka og, að því er varðar stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni, í III. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir 1. gr. þessarar reglugerðar, í tengslum við þær stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1450, skulu skilastjórnvöld senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka, í dálkum 10 til 120 í II. viðauka og, að því er varðar stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni, í III. viðauka þessarar reglugerðar.

3. gr.

Skýrslugjafaryfirvöld að því er varðar samstæður

Að því er varðar samstæður sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. gr. lagðar fram á eftirfarandi hátt:

a) viðkomandi skilastjórnvald á samstæðustigi, í samráði við eftirlitsaðilann á samstæðugrunni, skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um bæði lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð er á einingagrunni, og lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð er á samstæðugrunni fyrir móðurfyrirtæki í Sambandinu eða móðurfyrirtæki sem um getur í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ([1]),

b) viðkomandi skilastjórnvöld, í samráði við lögbæra yfirvaldið, skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beita skal á dótturfélög samstæðunnar í lögsögu þeirra á einingagrunni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

4. gr.

Skýrslutímabil og skiladagar

1. Skilastjórnvöld skulu án ótilhlýðilegrar tafar senda upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. eftir að ákvörðunin um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar hefur verið tekin eða uppfærð.

2. Skilastjórnvöld skulu senda upplýsingarnar sem um getur í 2. gr. um þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákvörðuð hefur verið og tekið hefur gildi 1. apríl hvert ár, í síðasta lagi 30. apríl sama ár.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Upplýsingar um skilastjórnvald sem sendir skýrslu

Skilastjórnvald sem sendir skýrslu	
Skiladagur	
Tengiliður	
Heiti	
Tölvupóstur	
Símanúmer	
Almennar athugasemdir (ef einhverjar)	

II. VIÐAUKI

Upplýsingar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

Skyldubundið									Einfaldað skýrslugjafarsniðmát (ef 90 er „Já“)		
Skal fyllt út fyrir allar stofnanir									Fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll við beitingu á 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450		
Lagastoð	Ákvæði 7. og 8. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 8. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014	Almennar upplýsingar				Ákvæði 11. og 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 10. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014		Einfaldað skýrslugjaf-arsniðmát (ef við á)	Ákvæði 4. mgr. 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/962	Ákvæði 4. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnar-innar (ESB) 2016/1450	Ákvæði i. liðar b-liðar 5. mgr. 1. gr. og/eða ii. liðar b-liðar 5. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnari-innar (ESB) 2016/1450
Auðkenni lögaðila (LEI-kóði)	Krafa á samstæðu- eða einingagrunni?	Heiti aðila	Aðildarríki þar sem félag er stofnað	Er skýrslan send af skilastjórnvaldi á samstæðustigi?	Dagsetning ákvörðunar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða ákvörðunar um undanþágu	Hefur skilastjórnvald veitt undanþágu frá beitingu lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar?	Athuga semdir	Einfaldað skýrslugjaf-arsniðmát (ef við á)	Flokkur stofnunar (ef við á)	Er lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar jöfn staðalfjárhæð tapþols?	Tegundir leiðréttinga á fjárhæð tapþols (ef við á)
10	20	30	40	50	60	70	80	90	100	110	120

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1)

Ekki skyldubundið fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll við beitingu á 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450																		
Tegund kröfu	Samanlagðar skuldir og eiginfjárgrunnur		Fjárhæð heildaráhættugrunns				Nefnari vogunarhlutfalls				Fjárhæð tapþols							
Ákvæði 9. og 10. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB	Ákvæði 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450		Ákvæði 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 og 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (1)				Ákvæði 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 og 4. til 11. mgr. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013				Ákvæði 4. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði i. liðar b-liðar 5. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450			Ákvæði ii. liðar b-liðar 5. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450			
Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sett með sameiginlegri ákvörðun	Nú-gildandi	Viðmiðun-ardagsetning skýrslugjafar um lið 140	Nú-gildandi	Viðmiðun-ardagsetning skýrslugjafar um lið 160	Áætlað eftir skilameðferð	Athuga-semdir	Nú-gildandi	Viðmiðun-ardagsetning skýrslugjafar um lið 200	Áætlað eftir skilameðferð	Athuga-semdir	Staðalfjárhæð tapþols skv. 4. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórn-arinnar (ESB) 2016/1450	Leið-rétting til hækkunar	Tegund(ir) leiðréttinga til hækkunar	Athuga-semdir	Leið-rétting til lækkunar	Tegund(ir) leiðréttinga til lækkunar	Athuga-semdir	Samtals (240 + 250 + 280)
130	140	150	160	170	180	190	200	210	220	230	240	250	260	270	280	290	300	310

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1)

Ekki skyldubundið fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll við beitingu á 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450															
Endurfjármögnunarfjárhæð									Leiðréttingar sem tengjast annmörkum á skilabærni, stærð, kerfisáhættu og framlögum innstæðutryggingakerfis						
Ákvæði 5. og 6. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði 7. og 8. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði 8. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450		Ákvæði 9. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450		Ákvæði 10. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450			Ákvæði 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450		Ákvæði 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450		Ákvæði 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450		
Til að fullnægja skilyrðum fyrir starfsleyfi	Stöðluð viðbótarfjárhæð til að viðhalda trausti markaðarins með því að uppfylla kröfur um eiginfjárauka	Leiðrétting til að viðhalda trausti markaðarins eftir samanburð við sambærilega aðila	Athuga-semdir	Leiðrétting til lækkunar að teknu tilliti til móttekinna upplýsinga frá lögbæra yfirvaldinu sem tengjast viðskiptalíkani stofnunarinnar, fjármögnunarlíkani og heildaráhættusniði	Athuga-semdir	Leiðrétting á dálki 330 fyrir dótturfélög samstæðu	Athuga-semdir	**Samtals** (320 + 330 + 340 + 360 + 380)	Fyrir útilokun frá eftirgjöf	Athuga-semdir	Fyrir stærð og kerfis-áhættu	Athuga-semdir	Fyrir framlög innstæðutrygg-ingakerfis til fjármögnunar skilameðferðar	Athuga-semdir	**Samtals** (410 + 430 + 450)
320	330	340	350	360	370	380	390	400	410	420	430	440	450	460	470

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1)

Ekki skyldubundið fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll við beitingu á 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450													
Sameinað mat á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar				Umbreytingarráðstafanir eða ráðstafanir eftir skilameðferð (ef við á)									
Ákvæði 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði 13. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB		Ákvæði 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2016/1450	Ákvæði 2. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450								
Samtals (310 + 400 + 470)	Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar sem % af samanlögðum skuldum og eiginfjárgrunni (480 / 140)	Prósenta af lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar sem uppfylla skal með samningsbundnum eftirgjafargerningum	Dagsetning þegar krafan í 490 skal vera uppfyllt	Tegund umbreytingar-ráðstafana	Áætluð lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar (sem % af samanlögðum skuldum og eiginfjárgrunni)	Fyrirhugaður gildistöku-dagur	Áætluð lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar (sem % af samanlögðum skuldum og eiginfjárgrunni)	Fyrirhugaður gildistökudagur	Áætluð lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar (sem % af samanlögðum skuldum og eiginfjárgrunni)	Fyrirhugaður gildistökudagur	Áætluð lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar (sem % af samanlögðum skuldum og eiginfjárgrunni)	Fyrirhugaður gildistökudagur	Reiknings-skilaumgjörð
480	490	500	510	520	530	540	550	560	570	580	590	600	610

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1)

III. VIÐAUKI

Staðsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

Stofnun			Endanlegt móðurfyrirtæki			Móðurfyrirtæki í Sambandinu			Næsta, viðeigandi móðurfyrirtæki		
Auðkenni lögaðila (LEI-kóði)	Heiti aðila	Aðildarríki þar sem félag er stofnað	Auðkenni lögaðila (LEI-kóði)	Heiti aðila	Land þar sem félag er stofnað	Auðkenni lögaðila (LEI-kóði)	Heiti aðila	Aðildarríki þar sem félag er stofnað	Auðkenni lögaðila (LEI-kóði)	Heiti aðila	Land þar sem félag er stofnað